



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 133/1530*  
*komudagur 8. 3. 2007*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Selmu Hafliðadóttur**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 7. mars 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur (516. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/56/EB.*

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að markmið þess sé að auka sveigjanleika íslenskra fyrirtækja með því að auðvelda þeim að endurskipuleggja sig með samrunum og yfirtökum innan EES-svæðisins.

Aukin útrás íslenskra fyrirtækja undanfarin ár einskorðast ekki við aðildarríki EES. Því telur Viðskiptaráð að skynsamlegt sé að víkka gildissvið frumvarpsins þannig að það geri íslenskum fyrirtækjum kleift að sameinast fyrirtækjum staðsettum í ríkjum utan EES (þriðju ríkjum) og auka þannig skilvirkni og samkeppnishæfni íslenskra félaga á hinum alþjóðlega markaði.

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs